



STARFSREGLUR STJÓRNAR HS Veitna hf.

1. Skipan stjórnar

- 1.1 Stjórn félagsins skal skipuð sjö fulltrúum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Jafnframt skulu kjörnir þrír varamenn sem taka sæti í stjórn í forföllum stjórnarmanna. Hafi hver stjórnarmaður sérstaklega tilgreindan varamann skal það koma fram við stjórnarkjör.

2. Skipting starfa innan stjórnar

- 2.1 Stjórn skal strax að loknu stjórnarkjöri koma saman til fundar, þar sem hún skiptir með sér verkum. Skal úr hópi stjórnarmanna kosinn formaður og varaformaður en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum eins og þurfa þykir. Sé forstjóri félagsins einn stjórnarmanna verður hann þó ekki kosinn formaður.
- 2.2 Aldursforseti stjórnar stýrir fundi stjórnar skv. 2.1 þar til stjórnin hefur kosið sér formann, en þá tekur nýkjörinn formaður við stjórn fundarins.
- 2.3 Við kjör til trúnaðarstarfa skal beitt einfaldri meirihlutakosningu. Falli atkvæði jöfn ræður hlutkesti.

3. Verksvið stjórnar

- 3.1 Stjórn fer með æðsta vald í málefnum félagsins milli hluthafafunda. Stjórn skal annast um að skipulag félagsins og starfsemi þess sé jafnan í góðu horfi. Stjórn skal annast um að nægilegt eftirlit sé haft með reikningshaldi og meðferð fjármuna félagsins. Stjórn skal hafa eftirlit með því að hlutaskrá sé haldin lögum samkvæmt.
- 3.2 Meirihluti stjórnar ritar firma félagsins.
- 3.3 Stjórn félagsins getur kosið í nefndir á sínum vegum vegna sérstakra verkefna en tillögur þeirra eru ekki bindandi. Fjöldi nefndarmanna (viðmiðunin skal þó vera 3) og starfsreglur skulu ákveðnar sérstaklega við hverja nefndarskipun.
- 3.4 Stjórn ræður forstjóra að féluginu, setur honum erindisbréf og veitir honum lausn. Gerður skal skriflegur ráðningarsamningur við forstjóra þar sem m.a. skal kveðið á um laun hans og önnur starfskjör. Stjórn getur falið formanni stjórnar að annast samninga við forstjóra.
- 3.5 Stjórn veitir prókúruumboð.
- 3.6 Stjórn skal setja féluginu markmiðsáætlun í samræmi við tilgang félagsins samkvæmt samþykktum þess og skal marka þá stefnu sem farin skal til að ná settum markmiðum. Stjórnin fylgist með að forstjóri marki og fylgi viðskiptastefnu í samræmi við markmiðsáætlun.
- 3.7 Stjórn tekur ákvarðanir í öllum málum sem telja verður óvenjuleg eða mikilsháttar. Stjórn getur þó veitt forstjóra heimild til afgreiðslu slíkra mála. Eins getur forstjóri afgreitt slík mál ef ekki er unnt að bíða ákvörðunar stjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Í þeim tilvikum skal forstjóri tafarlaust tilkynna formanni stjórnar um afgreiðslu málsins.
- 3.8 Stjórnin getur sett á laggir undirnefndir til þess að hafa umsjón eða vera ráðgefandi í krafti stjórnarinnar eða gagnvart henni. Slík undirnefnd getur verið þungamiðja vegna umbunar/

launagreiðslna mála, endurskoðun viðskiptareikninga eða hvers kyns öðrum málum er stjórnin álítur við hæfi og er með hagsmuni fyrirtækisins að leiðarljósi. Slíkar undirnefndir yrði settar á laggirnar með reglum sem stjórnin setur. Reglurnar skulu innihalda eftirfarandi:

- a. Nafn, hlutverk og tilgang undirnefndarinnar
- b. Fjöldi meðlima sem tilnefndir eru til starfa í undirnefndinni
- c. Lengd starfstíma þess sem tilnefndur er í undirnefnd.
- d. Laun og aðrar greiðslur til nefndarmanna (þ.e. greiðslu fyrir hvern fund, greiðslur sem ákvarðaðar eru af stjórn fyrirtækisins á ársfundi fyrirfram fyrir hvert ár, greiðslur sem stjórnin ákveður í hverju máli fyrir sig byggt á vinnuframlagi meðlima og svo framvegis.) ef einhverjar eru:
- e. Skulu þær reglur fyrir undirnefndir, vera í samræmi við starfsreglur sem stjórn fyrirtækisins hefur sett sér og starfar eftir, og:
- f. Aðrar viðeigandi reglur sem við eiga fyrir slíka undirnefnd og stjórnin telur nauðsynlegar.

4. Fyrirsvar stjórnar

- 4.1 Formaður stjórnar er mólsvari stjórnar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema stjórnin ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins, ásamt forstjóra, eftir aðstæðum hverju sinni. Geti formaður ekki sinnt starfsskyldum sínum sökum forfalla tekur varaformaður við skyldum hans.
- 4.2 Formaður stjórnar og/eða forstjóri sitja í stjórnum dótturfélaga og skal annar hvor þeirra gegna þar formennsku.
- 4.3 Forstjóri fer að öðru jöfnu með atkvæði félagsins á hluthafafundum allra þeirra félaga sem félagið kann að eiga eignarhluti í nema stjórn ákveði annað sérstaklega. Honum er heimilt að fela öðrum þetta umboð.
- 4.4 Formaður stjórnar kemur fram fyrir hönd stjórnar gagnvart forstjóra.

5. Boðun funda o.fl.

- 5.1 Stjórnarfundir skulu haldnir þegar stjórnarformaður ákveður. Stjórnarfundir skulu að jafnaði haldnir á skrifstofu félagsins, en halda má þá annars staðar eftir aðstæðum.
- 5.2 Í lok hvers stjórnarfundar skal að jafnaði tekin ákvörðun um hvenær næsti stjórnarfundur skuli haldinn.
- 5.3 Stjórnarformanni ber að kalla saman stjórnarfund ef einhver stjórnarmanna, forstjóri eða endurskoðandi krefst þess.
- 5.4 Forstjóri á sæti á fundum stjórnar og hefur þar umræðu- og tillögurétt, nema stjórn ákveði annað í einstökum tilvikum.
- 5.5 Endurskoðandi á rétt á að sitja fundi stjórnar þegar fjallað er um reikningsskil sem hann hefur áritað. Skal honum jafnframt skylt að sitja stjórnarfundi ef einstakir stjórnarmenn óska þess.
- 5.6 Til stjórnarfundar skal að jafnaði boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara. Stjórnarformaður getur þó ákveðið skemmri frest telji hann það óhjákvæmilegt vegna sérstakra aðstæðna. Heimilt er að halda stjórnarfund eða taka þátt á fundum með aðstoð rafrænna miðla.

- 5.7 Til funda skal boðað með tölvupósti. Skal dagskrár getið í fundarboði. Stjórnarformanni er skyld að sjá til þess að stjórnarmönnun gefist kostur á að kynna sér þau gögn sem lögð kunna að verða fyrir stjórnarfund með hæfilegum fyrirvara.
- 5.8 Forfallist aðalmaður þannig að hann geti ekki tekið þátt í störfum stjórnarinnar skal boða þann varamann sem kjörinn var eða tilnefndur sem hans varamaður.

6. Ákvörðunarvald, atkvæðagreiðslur o.fl.

- 6.1 Stjórn er ákvörðunararbær þegar meirihluti stjórnarmanna sækir fund enda hafi fundurinn verið boðaður í samræmi við 5. grein. Mikilvæga ákvörðun má þó ekki taka án þess að allir stjórnarmenn hafi haft tök á því að fjalla um málid sé þess kostur.
- 6.2 Formaður stjórnar stýrir stjórnarfundum, en varaformaður í forföllum hans.
- 6.3 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum á stjórnarfundum í öllum málum. Tillaga fellur á jöfnum atkvæðum.
- 6.4 Óski stjórnarmenn að taka upp einstök mál utan stjórnarfunda skulu þeir snúa sér til stjórnarformanns en ekki starfsmanna félagsins.
- 6.5 Hafi komið fram lögmæt krafa um hluthafafund til að ákveða málefni sem stjórnin hefur haft til umfjöllunar skal stjórnin bíða niðurstöðu hluthafafundar áður en slík málefni eru leidd til lykta.

7. Fundargerðir og fundargerðarbók

- 7.1 Formaður stjórnar skal sjá til þess að haldin sé gerðarbók um það sem gerist á stjórnarfundum og um ákvarðanir stjórnar.
- 7.2 Í fundargerðarbók skal skrá eftirfarandi:
 - a. Hvar og hvenær fundurinn er haldinn.
 - b. Hverjir sitja fundinn og hver stýrir honum.
 - c. Dagskrá fundarins.
 - d. Stutta skýrslu um umræður á fundum og hvaða ákvarðanir hafa verið teknar.
 - e. Hvenær og hvar næsti stjórnarfundur verður haldinn.
 - f. Hver ritað hafi fundargerðina.
- 7.3 Stjórnarmaður eða forstjóri, sem ekki eru sammála ákvörðun stjórnar, eiga rétt á að fá athugasemdir skráðar í gerðarbókina.
- 7.4 Sé fundargerð ekki full frágengin í lok fundar skulu drög fundargerðar send stjórnarmönnum með þeim hætti sem stjórnarformaður ákveður. Skulu stjórnarmenn hafa komið á framfæri við fundarritara þeim athugasemdum sem þeir kunna að hafa við drögin fyrir upphaf næsta fundar. Þar skal fundargerðin borin upp til samþykktar.
- 7.5 Fundargerðarbók skal undirrituð af þeim stjórnarmönnum og forstjóra er fund sitja. Fundargerðir sem færðar hafa verið inn í fundargerðarbók félagsins teljast full sönnun þess sem gerst hefur á stjórnarfundum. Stjórnarmenn sem ekki voru viðstaddir þann stjórnarfund sem fundargerð tekur til skulu staðfesta að þeir hafi kynnt sér fundargerðina með undirritun sinni.

8. Þagnar- og trúnaðarskylda

- 8.1 Á stjórnarmönnum hvílir þagnarskylda um málefni félagsins, hagi viðskiptavina þess og önnur atriði sem þeir fá vitnesku um í starfi sínu sem stjórnarmenn og leynt skulu fara samkvæmt samþykktum félagsins, lögum eða eðli mál, nema um sé að ræða málefni sem stjórnin ákveður að gera opinber eða slíkt leiðir af ákvæðum hlutafélagalaga eða samþykktum félagsins. Þagnarskylda helst þótt látið sé af starfi.
- 8.2 Stjórnarmaður skal varðveita öll gögn með tryggilegum hætti sem hann fær afhent til að gegna starfa sínum sem stjórnarmaður. Gögn sem afhent eru með rafrænum hætti skulu stjórnarmenn skoða en hvorki prenta út né vista utan stjórnarvefgáttar nema nauðsyn krefji. Skulu stjórnarmenn afhenda féluginu öll gögn sem þeir kunna að hafa fengið í hendur í tengslum við einstök málefni félagsins ef stjórnarformaður telur á því nauðsyn.
- 8.3 Láti stjórnarmaður af störfum, ber honum að skila stjórnarformanni öllu því efni sem hann kann að hafa undir höndum og honum hefur borist sem stjórnarmanni, auk samrita þess, afrita o.s.frv. Aðgengi stjórnarmanns að stjórnarvefgátt félagsins skal lokað ef stjórnarmaður lætur af störfum eða hlýtur ekki endurkosningu á aðalfundi.
- 8.4 Stjórnarmenn aðrir en stjórnarformaður skulu almennt ekki tjá sig við fjöldiðla eða snúa sér til almennings varðandi málefni félagsins, nema að fengnu samþykki formanns.

9. Sérstakt hæfi stjórnarmanna til ákvarðanatöku (Vanhæfi)

- 9.1 Stjórnarmaður eða forstjóri mega ekki taka þátt í meðferð málum um samningsgerð milli félagsins og þeirra, um málshöfðun gegn þeim eða um samningsgerð milli félagsins og þriðja manns eða málshöfðun gegn þriðja manni ef þeir hafa þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins. Skylt er stjórnarmanni og forstjóra að upplýsa um slík atvik.
- 9.2 Leggja skal fyrir stjórnina til staðfestingar (eða synjunar) alla samninga sem stjórnarmaður eða forstjóri kunna að gera við félagið og samninga milli félagsins og þriðja manns ef stjórnarmaður eða forstjóri hafa verulegra hagsmuni af slíkum samningum og þeir hagsmunir kunna að fara í bága við hagsmuni félagsins.
- 9.3 Stjórnarmenn skulu, er þeir gerast stjórnarmenn, gefa stjórninni skýrslu um hlutaeign sína í féluginu. Skulu þeir jafnframt geta um eignarhluti tengdra aðila. Skulu þeir enn fremur gefa stjórninni skýrslu um breytingar á hlutaeigninni.
- 9.4 Stjórnarmenn skulu, er þeir gerast stjórnarmenn, upplýsa um setu í stjórnnum annarra félaga. Skulu þeir jafnframt upplýsa stjórn hverju sinni er þeir eftir það taka sæti í stjórnnum félaga eða láta þar af störfum.
- 9.5 Stjórnarmenn skulu ávallt gæta að viðkomandi hafi almennt hæfi til starfa innan stjórnar. Komi til aðstæðna eða atvika þar sem hæfi stjórnarmanns kann að vera dregið í efa, skal stjórnarmaður upplýsa stjórn um slíkar aðstæður eða atvik ásamt rökum um hæfi sitt. Komi slíkar aðstæður upp liggur það í höndum stjórnar að meta hæfi viðkomandi stjórnarmanns.
- 9.6 Hæfi stjórnarmanna fer að öðru leyti eftir lögum.

10. Skýrslur

- 10.1 Forstjóri skal á hverjum stjórnarfundi leggja fyrir stjórnina skýrslu um starfsemi félagsins frá síðasta stjórnarfundi í stórum dráttum. Stjórnin getur á stjórnarfundum krafð forstjóra og aðra helstu starfsmenn félagsins um upplýsingar og gögn sem stjórninni eru nauðsynleg til að hún geti sinnt verkefnum sínum.

11. Undirritun ársreiknings o.fl.

- 11.1 Ársreikningur félagsins og samstæðureikningur skulu lagðir fyrir stjórn til afgreiðslu og skal stjórnin ásamt forstjóra undirrita ársreikninginn og eftir atvikum samstæðureikninginn. Telji stjórnarmaður eða forstjóri að ekki beri að samþykka ársreikninginn eða samstæðureikninginn sé slíkur til staðar, eða hann hefur mótbárun fram að færa sem hann telur rétt að hluthafar fái vitneskju um, skal hann gera grein fyrir því í áritun sinni.

12. Reglur verðbréfamarkaðarins

- 12.1 Stjórnarmenn skulu kynna sér og vera bundnir af ákvæðum laga, almennum reglum verðbréfamarkaðarins, reglum Fjármálaeftirlitsins og reglum Kauphallar Íslands. Stjórnarmenn skulu gæta sérstaklega að þeim skyldum sem leiða af stöðu þeirra sem fruminnherja í féluginu.
- 12.2 Stjórn félagsins setur féluginu reglur um meðferð innherjaupplýsinga, viðskipti innherja og hvernig staðið skuli að birtingu upplýsinga í Kauphöll Íslands. Reglurnar skulu hafa að geyma ákvæði m.a. um skilgreiningu á innherjum félagsins, hvenær trúnaðarupplýsingar teljist innherjaupplýsingar, hvernig fruminnherjum ber að standa að viðskiptum með hlutabréf í féluginu o.s.frv. Framagreindum reglum er ætlað að tryggja að félagið og innherjar þess fari í hvívetna að reglum verðbréfamarkaðarins og efla þannig trúverðugleika félagsins.

13. Frekari reglur um störf stjórnar

- 13.1 Um ábyrgð, vald og störf stjórnar félagsins fer að öðru leyti en greinir í starfsreglum þessum samkvæmt hlutafélagalögum, lögum um ársreikninga og öðrum almennum lögum og samþykktum félagsins.

14. Breytingar á starfsreglum stjórnar

- 14.1 Einungis stjórn félagsins getur gert breytingar á starfsreglum þessum. Til breytinga á starfsreglunum þarf samþykki einfalds meirihluta stjórnar.

15. Varsla og meðferð starfsreglna

- 15.1 Frumrit starfsreglna þessara, með áorðnum breytingum ef við á, skal jafnan vera til staðar í fundargerðarbók félagsins.
- 15.2 Þeir sem eiga sæti í stjórn félagsins við setningu starfsreglna þessara skulu undirrita frumrit starfsreglnanna. Ef stjórnin samþykkir breytingar á starfsreglunum skulu stjórnarmenn undirrita frumrit af reglunum svo breyttum. Nýjum stjórnarmönnum skulu kynntar starfsreglurnar og skulu þeir undirrita frumrit þeirra því til staðfestu.
- 15.3 Stjórnarmönnum, forstjóra og endurskoðendum félagsins skal afhent eintak af starfsreglum og samþykktum félagsins sem í gildi eru á hverjum tíma.

Framangreindar starfsreglur stjórnar HS Veitna hf. eru settar samkvæmt 4. mgr. 70. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög.

Þannig samþykkt á stjórnarfundi félagsins hinn 24. júní 2022,

Í stjórn HS Veitna hf:

Frá Reykjaneshæ

Guðný Birna Guðmundsdóttir, formaður stjórnar

Guðný Birna Guðmundsdóttir

Guðbrandur Einarsson, ritari stjórnar

Guðbrandur Einarsson

Baldur Þórir Guðmundsson, meðstjórnandi

Baldur Þórir Guðmundsson

Kolbrún Jóna Pétursdóttir, varamaður

Kolbrún Jóna Pétursdóttir

Frá HSV Eignarhaldsfélagi slhf.

Heiðar Guðjónsson, varaformaður stjórnar

Heiðar Guðjónsson

Kristín Erla Jóhannsdóttir, meðstjórnandi

Kristín Erla Jóhannsdóttir

Ómar Örn Tryggvason, meðstjórnandi